



**Auglýsing um endurskoðun og kynningarfund  
aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga  
Aðalskipulag 2020-2040  
Skipulags- og matslýsing**

Sveitarfélagið Vogar hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Á fundi bæjarstjórnar 18. desember 2019 var samþykkt að tillaga að skipulags- og matslýsingu yrði kynnt og leitað umsagna um hana í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Sveitarfélagið Vogar hér með kynningu á skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2020-2040.

Skipulags- og matslýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu>, auk þess sem hún liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Iðndal 2 í Vogum.

Athugasemdum og ábendingum við efni lýsingarinnar má skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum, eða á netfangið [skrifstofa@vogar.is](mailto:skrifstofa@vogar.is).

**Þær skulu vera skriflegar og er þess óskað að þær berist eigi síðar en 6. mars 2020.**

Almennur kynningarfundur um skipulags- og matslýsinguna fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu verður haldinn fimmtudaginn 13. febrúar n.k., kl. 19:30 í Álfagerði að Akurgerði 25.

Mikil áhersla er lögð á samráð við íbúa og alla þá sem hagsmuna eiga að gæta varðandi framtíðarskipulagið. Eru því allir áhugasamir hvattir til að koma á kynningarfundinn í Álfagerði n.k. fimmtudag, og taka þátt í að móta framtíðina.

Vogum, 12. febrúar 2020.  
F.h. bæjarstjórnar,  
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri